

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
02 217

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
kt. 500169-4359
551 Sauðárkrókur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um háskóla.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 949,9 milljónir og afkoma kr. 40,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 15,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 199,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hólaskóla - Háskólans á Hólum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hólaskóla - Háskólans á Hólum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Erla Björk Örnólfsdóttir,
rektor

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	595.670.000	553.200.000
Aðrar tekjur		14.032.467	17.378.000
Seld þjónusta	3	40.023.552	24.612.854
Vörusala		95.527.002	68.491.431
Framlög og ýmsar tekjur	4	189.965.195	170.342.291
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	14.721.525	12.119.942
Tekjur samtals		949.939.741	846.144.518
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	612.859.438	544.335.338
Framlög og tilfærslur	6	27.812.647	31.409.733
Annar rekstrarkostnaður	7	254.246.256	230.225.187
Afskriftir	8	14.721.525	12.119.942
Gjöld samtals		909.639.866	818.090.200
Afkoma fyrir fjármagnsliði		40.299.875	28.054.318
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		443.695	834.767
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(213.746)	(646.607)
		229.949	188.160
Afkoma ársins		40.529.824	28.242.478
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	60.842.471	52.152.211
Rekstrartilfærslur		(20.312.647)	(23.909.733)
		40.529.824	28.242.478

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		56.524.058	54.468.680
Farartæki og vélar		15.655.882	11.694.820
Fasteignir		11.902.786	12.322.830
Aðrar eignir		358.883	358.883
		<u>84.441.609</u>	<u>78.845.213</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	110.882	110.882
		<u>110.882</u>	<u>110.882</u>
Fastafjármunir samtals		<u>84.552.491</u>	<u>78.956.095</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	93.538.012	37.876.359
Tengdir aðilar	12	496.848	496.848
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	14.098	2.524.732
Handbært fé	14	20.868.549	2.021.897
		<u>114.917.507</u>	<u>42.919.836</u>
Veltufjármunir samtals		<u>114.917.507</u>	<u>42.919.836</u>
Eignir samtals		<u>199.469.998</u>	<u>121.875.931</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		15.819.591	(24.710.233)
		<u>15.819.591</u>	<u>(24.710.233)</u>
Eigið fé samtals		<u>15.819.591</u>	<u>(24.710.233)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	29.230.374	20.169.172
Viðskiptaskuldir		20.626.763	18.896.590
Ýmsar skammtímaskuldir	16	65.466.522	58.295.129
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	68.326.748	49.225.273
		<u>183.650.407</u>	<u>146.586.164</u>
Skuldir samtals		<u>183.650.407</u>	<u>146.586.164</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>199.469.998</u>	<u>121.875.931</u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		40.529.824	28.242.478
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	14.721.525	12.119.942
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(14.721.525)	(12.119.942)
		<u>40.529.824</u>	<u>28.242.478</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(53.151.019)	23.377.879
Tengdir aðilar		22.566.281	(48.949.084)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.901.566	(807.583)
		<u>(21.683.172)</u>	<u>(26.378.788)</u>
		<u>18.846.652</u>	<u>1.863.690</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(20.317.921)	(33.161.891)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		7.923.000	0
		<u>(12.394.921)</u>	<u>(33.161.891)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	17.261.891
Fjárfestingarframlag		12.394.921	15.900.000
		<u>12.394.921</u>	<u>33.161.891</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		18.846.652	1.863.690
		<u>2.021.897</u>	<u>158.207</u>
		<u>20.868.549</u>	<u>2.021.897</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu. Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum, prófgjöldum og vottorðsgjöldum.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-30 ár
Aðrar eignir	óafskrifað
Fasteignir, skip, flugvélar og fleira	30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	595.670.000	553.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	14.721.525	12.119.942
	<u>610.391.525</u>	<u>565.319.942</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	533.600.000	7.500.000	0	541.100.000
Fjáraukalög	(10.000.000)	0	0	(10.000.000)
Millifært úr varasjóð	3.100.000	0	0	3.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	61.470.000	0	0	61.470.000
Fjárveiting til tekna	588.170.000	7.500.000	0	595.670.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(527.327.529)	(27.812.647)	0	(555.140.176)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	60.842.471	(20.312.647)	0	40.529.824

2021 2020

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	32.486.024	21.268.570
Verksala	7.060	510.640
Ýmsar þjónustutekjur	975.653	623.117
Veitinga- og gistipjónusta	701.960	0
Fræðslustarfsemi og fundir	5.852.855	2.210.527
	<u>40.023.552</u>	<u>24.612.854</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	5.410.596	6.345.201
Kostnaðarhlutdeild	32.824.434	32.503.441
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	125.182.912	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	23.241.998	127.997.490
Ýmsar tekjur	3.305.255	3.496.159
	<u>189.965.195</u>	<u>170.342.291</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	495.165.310	436.848.040
Orlof, breyting	7.090.547	7.982.394
Launatengd gjöld	109.062.623	97.665.601
Starfsmannakostnaður	1.540.958	1.839.303
	<u>612.859.438</u>	<u>544.335.338</u>

Meðalfjöldi stöðugilda 55,8 51,7

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	23.619.727	0
Rekstrartilfærslur aðrir	4.192.920	31.409.733
	<u>27.812.647</u>	<u>31.409.733</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	885.442	992.867
Byggingarvörur, almennar	498.417	18.060
Byggingarvörur, aðrar	228.183	9.817
Tæki og búnaður til innréttinga	0	59.213
Ýmis tæki og áhöld	4.093.966	3.980.593
Varahlutir og viðhaldsvörur	3.222.752	3.056.607
Orkugjafar	23.914.376	23.508.596
Matvæli	8.715.220	8.415.095
Almennar rekstrarvörur	5.810.209	7.662.387
Vörukaup, almenn	47.368.565	47.703.235
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar	24.514.202	22.040.379
Rannsóknarstofuefni	2.680.462	2.090.207
Kennslu- og föndurvörur	57.624	63.500
Ýmsar sérgreindar vörur	6.321.454	7.506.231
Vörukaup, sérgreind	33.573.742	31.700.317
Fundir, námskeið, risna	2.303.982	2.800.394
Ferðir, uppihald	5.794.945	2.974.625
Akstur	4.049.580	3.316.486
Sérfræðiþjónusta	57.896.487	45.352.595
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	263.305	346.541
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.297.725	6.180.863
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	32.557.196	21.862.973
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	109.163.220	82.834.477
Samningsbundin kaup og leiga	93.336	38.136
Afnotagjöld	8.675.624	7.657.743
Leigugjöld	21.774.051	18.760.154
Notkun véla og flutningatækja	532.966	3.112.551
Verkkaup	21.842.423	17.997.521
Kostnaðarhlutdeild	371.421	348.954
Tryggingar, lögboðnar	2.501.547	2.221.345
Opinber gjöld	8.349.361	9.965.922
Tapaðar kröfur	0	7.862.233
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	64.140.729	67.964.559
Annar rekstrarkostnaður samtals	254.246.256	230.225.187
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.868.078	10.042.560
Farartæki og vélar	2.433.403	1.786.250
Fasteignir	420.044	291.132
	14.721.525	12.119.942

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	56.524.058	54.468.680
Farartæki og vélar	15.655.882	11.694.820
Fasteignir	11.902.786	12.322.830
Aðrar eignir	358.883	358.883
	<u>84.441.609</u>	<u>78.845.213</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	112.735.430	19.644.861	12.613.962	358.883	145.353.136
Viðbætur á árinu	13.923.456	6.394.465	0	0	20.317.921
	<u>126.658.886</u>	<u>26.039.326</u>	<u>12.613.962</u>	<u>358.883</u>	<u>165.671.057</u>
Afskriftir 01.01.2021	58.266.750	7.950.041	291.132	0	66.507.923
Afskrift ársins	11.868.078	2.433.403	420.044	0	14.721.525
	<u>70.134.828</u>	<u>10.383.444</u>	<u>711.176</u>	<u>0</u>	<u>81.229.448</u>
Staða 31.12.2021	<u>56.524.058</u>	<u>15.655.882</u>	<u>11.902.786</u>	<u>358.883</u>	<u>84.441.609</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>			
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf	0%	100.000	110.882
		<u>100.000</u>	<u>110.882</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

31.12.2021 31.12.2020

11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	101.381.051	45.719.398
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(7.843.039)	(7.843.039)
	<u>93.538.012</u>	<u>37.876.359</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	496.848	496.848
	<u>496.848</u>	<u>496.848</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	18.704.623	12.888.608
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	10.525.751	7.280.564
	<u>29.230.374</u>	<u>20.169.172</u>

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	14.098	0
Skattar	3.837.767	6.362.499
Niðurfærsla annarra krafna	(3.837.767)	(3.837.767)
	<u>14.098</u>	<u>2.524.732</u>

14 Handbært fé

Tékkareikningar	20.868.549	2.021.897
	<u>20.868.549</u>	<u>2.021.897</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(24.710.233)	(52.952.711)
Afkoma ársins	40.529.824	28.242.478
Jöfnuður 31.12.	<u>15.819.591</u>	<u>(24.710.233)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	65.385.676	58.295.129
Skattar	80.846	0
	<u>65.466.522</u>	<u>58.295.129</u>

Skýringar

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	84.441.609	78.845.213
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(16.114.861)	(29.619.940)
	<u>68.326.748</u>	<u>49.225.273</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	78.845.213	(29.619.940)	49.225.273
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	25.900.000	25.900.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	7.923.000	7.923.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	20.317.921	(20.317.921)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(14.721.525)</u>	<u>0</u>	<u>(14.721.525)</u>
	<u>84.441.609</u>	<u>(16.114.861)</u>	<u>68.326.748</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 14 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði, ótímabundna þjónustusamninga og aðra samninga og styrktarsamninga. Greiðslur vegna leigusamnings mun nema um 21,5 m.kr. á árinu 2022, vegna þjónustusamninga og annarra samninga 18,6 m.kr. og vegna samstarfssamninga 2,7 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.